

Dagskrá Barnamenningarhátíðar í maí 2021

Málsaðili : Garðabær
Tengiliður :
Dagsetning : 05.03.2021
Númer : 2101137
Flokkur : 05.51 Fastir viðburðir (t.d. 17.júní, bæjarhátíð o.frv.)

Efni :
Barnamenningarhátíð í Garðabæ 4. - 8. maí 2021

Langtímaverkefni sem lýkur með sýningum:

Deiglumór og hverafuglar á Hönnunarsafni Íslands - verkefninemenda í 5. - 7. bekkjum. Verkefni hefst í febrúar og lýkur með sýningu sem opnuð verður 4. maí á fuglum eftir nemendur. Auk Þóru Sigurbjörnsdóttur sérfræðings á Hönnunarsafni skipta þrjár listakonur með sér kennslu nemenda en ráðgert er að 5-800 nemendur muni taka þátt.

Ljóðasýning leikskólanema á Bókasafni Garðabæjar. Myndskreytt ljóð leikskólanema sýnd á Bókasafni Garðabæjar. Elstu nemendur Krakkakots á Álftanesi og Bæjarbóls taka þátt í verkefninu en Halla Margrét Jóhannesdóttir, leikkona og ljóðskáld, leiðir smiðju á Bókasafninu. Hver hópur hittir Höllu 2x en í kjölfarið myndskreyta börnin ljóðin sín.

Sýning á Bókasafni Garðabæjar 4. - 8. maí

Dagskrá á Barnamenningarhátíð 4. - 8. maí 2021:

Dagskráfyrir 1. , 3. , 5. , 7. bekk auk unglingastig

Hönnunarsafn Íslands:

Deiglumór fyrir 3. bekkina: sköpun, fræðsla og skemmtun fyrir nemendur í 3. bekk um sýninguna Deiglumór.

Þrautaborð Einars Þorsteinsfyrirnemendur í 8. - 10. bekk.

Bókasafn Garðabæjar:

Ritsmiðjur fyrir 7. bekkinga með Gunnari Helgasyni þar sem hann ræðir hvernig hugmyndir verða til og lætur í kjölfarið nemendur gera söguþráð sem etv. verður að sögu.

Jallabína dans fyrir 5. bekkinga með Friðriki Agna og Önnu, utandyra

Ullarsmiðja fyrir 1. bekkinga, á yfirbyggðu torgi

Ef sóttvarnarreglur leyfa: Laugardaginn 8. maí fyrir alla fjölskylduna:

Jallabina-dans-party í glerhýsi á Garðatorgi

Sól Hilmars leiðir teiknismiðju fyrir alla fjölskylduna í Bókasafni Garðabæjar

Stærðfræðiþrautaborð Einars Þorsteins í Hönnunarsafni

Leirþrautir fyrir alla fjölskylduna í Hönnunarsafni

Jazzhrekkiur í Tónlistarskóla Garðabæjar kl. 13:00

Fléttur úr endurunnu efni á rampi við bókasafn

Smiðja fyrir allaf fjölskylduna með ull og greinar, á yfirbyggðu torgi